

handfundu at kynslóðum

Thólin Astgeirsdóttir

1988

07.11.18

Hvert á hlutverk Kvennalistans að vera í
íslenskri pólitík?

Í tæplega þúsund ár höfum við Íslendingar talist til kristinna þjóða. Í þúsund ár hefur hver kynslóðin á fætur annarri verið alin upp við boðskap um kærleik, björgun hins fátaka inn um himinsins hlið og við höfum lært dæmisögur um lífsreynslu Gyðinga og baráttu þeirra við almætti án þess þó að hafa dregið af þeim djúpstæðan lærdóm. Ein þessara dæmisagna segir frá því er Faraóinn í Egyptalandi dreymdi drauma er ollu honum kvíða:

"Hann þóttist standa við ána. Og sjá, upp úr ánni komu sjö kýr, fallegar útlits og feitar á hold, og fóru að bíta sefgresið. Og sjá, á eftir þeim komu sjö aðrar kýr upp úr ánni, ljótar útlits og magrar á hold, og staðnæmdust hjá hinum kúnum á árbakkanum. Og kýrnar, sem ljótar voru útlits og magrar á hold, átu upp hinar sjö kýrnar, sem voru fallegar útlits og feitar á hold. Þá vaknaði Faraó. Og hann sofnaði aftur og dreymdi í annað sinn, og sjá, sjö öx uxu á einni stöng, prýstileg og væn. Og sjá, sjö öx, grönn og skrælnuð af austanvindi, spurttu á eftir þeim. Og hin grönnu öxin svelgdu í sig þau sjö prýstilegu og fullu. Þá vaknaði Faraó, og sjá, það var draumur."

Faraó kallaði til alla vitrustu menn ríkisins og bað þá ráða drauminn, en enginn þeirra gat það. Þá var honum bent á herleiddan Hebrea, Jósef að nafni. Hann réð drauminn á þann veg að yfir landið myndu ganga sjö góð ár og síðan fylgja á eftir sjö slæm. Guð væri að vara við og með fyrirhyggju og visku væri hægt að verjast komandi áföllum. Það pyrfti

einungis að nýta góðærið til að safna birgðum í kornhlöðurnar og geyma til mögru áranna. Farið var að ráðum Jósefs, honum var vel launað og Egyptar lifðu af hallærið.

Þessa dæmisögu hefðu Íslendingar átt að hafa í huga, en eins og við vitum er fyrirhyggja og viska í litlum metum og allar kornhlöður að tæmast í þann mund sem mögru árin eru að ganga í garð.

En ég ætla ekki að tala um þjóðfélagið, heldur Kvennalistann og hlutverk hans í þjóðfélaginu.

Mér segir svo hugur um að jafnframt því að þrengi að í þjóðfélaginu muni hefjast mögur ár hjá okkur. Ekki í þeim skilningi að fylgi fari minnkandi eða að við eigum ekki lengur erindi, heldur miklu fremur að nú er framundan enn einu sinni að láta á það reyna hvort við fáum þau völd í hendur sem veita okkur tækifæri til að hafa áhrif á stefnumótun næstu ára. Án valda verða áhrifin of lítil til að við getum sætt okkur við þau. Mér finnst komið að þeim punkti í sögu okkar að okkur beri að sækjast fast eftir völdum og áhrifum og láta á reyna hverju okkur tekst að koma í gegn.

Og þá vaknar spurningin. Eru hlöðurnar fullar? Er þar að finna þær gnægtir korns sem duga okkur gegnum árin sjö? Vissulega eru birgðirnar miklar. Þær eru gamlar og hafa dugað vel, en mér sýnist þó að víða sé holt undir. Mig langar hér á eftir að reyna að hrista upp í okkur með umfjöllun um nokkur atriði sem hafa valdið mér verulegri umhugsun á undanfórnum mánuðum.

Það er öllum hreyfingum hollt að stunda öðru hvoru sjálfskoðun. Því engin hugmyndafræði er fullsköpuð, engin stefna fullmótuð, ekkert skipulag óumbreytanlegt, engin ákvörðun eilíf. Oft má gera betur.

Mér verður fyrst fyrir að hugleiða vinnubrögð. Við höfum ferðast um lönd og álfur og m.a. kynnt vinnubrögð okkar. Þau eru um margt merkileg og til fyrirmyndar, en einnig um margt fyrir neðan allar hellur að mínum dómi.

Frá því snemma vors var ljóst að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var að falli komin. Það gátu orðið stjórnarslit snemma hausts og jafnvel kosningar. Þetta var allt yfirvofandi og ég veit að víða á okkar bæjum var maginn í hnút vegna þess sem framundan var. Allt fram á vor sýndu skoðanakannanir gífurlegt fylgi Kvennalistans sem gat boðað allt að 18 kvenna þingflokk eftir kosningar. Fram hjá svo stórum þingflokki og væntanlegum sigurvegara yrði ekki hægt að ganga. Við ræddum það nokkrar að mörgum spurningum væri ósvarað og margar hugmyndir óutfærðar, sem þyrfti að finna svör við. Stjórnkerfið, efnahagsmálin, atvinnumálin. Ekki bara hvað, heldur hvernig? Við fórum af stað með stjórnkerfishóp í Reykjavík. Hann hittist þrisvar og síðan ekki söguna meir, þótt ljóst væri að þarna er gífurlegt verkefni. Ég fór til Salzburg, aðrar eitthvað annað og svo fórum við til Osló, gaman, gaman, gott að segja öðrum frá því sem við erum að gera og margur dagurinn fór í að sinna útlendum gestum frá öllum heimshornum. Á meðan var hitastig í stjórnarpottinum að nálgast suðumark. Með þessum orðum er ég ekki að gera lítið úr hvers kyns kynningu, heldur að velta

því fyrir mér í hvað við eyðum orkunni og ég spyr mig hvað um okkar eigin garð? Hvað um konurnar í okkar eigin landi, sinnum við þeim nógu vel? Ég veit að á Suðurlandi, Norðurlandi vestra og eflaust víðar þarf betur að plægja og sá.

Við eyddum sem sagt sumrinu í ferðalög en minna fór fyrir undirbúningi þess sem koma skyldi.

Svo sprakk stjórnin og Kvennalistinn sat og beið þess að strákarnir hefðu samband. Ég ætla ekki að fara hér út í stjórnarmyndunarviðræðurnar, en mitt mat er það að Kvennalistinn hafi komið illa út úr því máli í augum almennings sbr. bréfið frá móður hennar Svövu. Við þurfum að gera verulegt átak til þess að koma því á framfæri við fólk að ekki var um kjarkleysi að ræða eða allsherjar andúð á því að taka þátt í ríkisstjórnun, heldur pólitískt mat og grundallarprinsíp sem við getum ekki hvikað frá. Ég hef reynt það í því umhverfi sem ég hrærist í að vonin um að Kvennalistinn verði afl til breytinga hefur dofnað í bili. Það hættulegasta sem fyrir okkur getur komið er að tapa trúverðugleikanum í augum þeirra sem við viljum vinna fyrir, kvennanna í landinu og því verður að bregðast við strax.

Við getum ekki leyft okkur að láta tímann renna oftar frá okkur, skólaskyldan er tekin við. Við höfum boðið okkar fram til að taka þátt í stjórnun landsins og við þurfum að búa okkur undir að verða reiðubúnar, kannski í mars, kannski í maí, kannski ekki fyrr en eftir 2¹/₂ ár.

Ég held að við verðum að skipuleggja starf okkar betur, halda betur utan um starfið, bæta jafnt og þétt inn í

kornhlöðuna. Gera konur ábyrgar fyrir ákv. málum í skamman tíma.

Formæður okkar sem vissu að á hverju ári varð að undirbúa langan vetur, sýndu fyrirhyggju og kunnu þá list að fylla búrin nýta og geyma þannig að dugði til vors ef á annað borð var eitthvað að hafa. Mér finnst okkar vinnubrögð raunverulega afar ókvenleg og held að við getum lært af formæðrum okkar að vinna jafnt og þétt í stað þess að hlaupa upp til handa og fóta þegar allt er komið í óefni. Sú aðferð hefur að vísu dugað hingað til, en ég held að það sé svo margt sem við þurfum að takast á við á næstu árum að við komumst ekki hjá því að taka í hnakkadrambið á sjálfum okkur.

Ég vil minna á að kvennahreyfingar hafa blómstrað og konur náð árangri þegar þjóðfélög hafa gengið gegnum byltingar og breytingar (misjafnlega þó) og þegar vel árar. Kreppur og samdráttur hafa reynst konum erfiðar enda bitna þær harðast á konum eins og dæmin sanna.

Annað dæmi um vinnubrögð sem þarf að bæta er sú mikla ábyrgð sem lögð er á herðar þingflokksins. Mér sýnist að þingflokkurinn sé orðinn allsherjar andlit hreyfingarinnar og að við ætlumst til þess að þaðan komi nánast allt frumkvæði og að þar sé að finna svör við öllum spurningum.

Mér finnst mikil nauðsyn á því að létta störfum af þingflokknum með virkara starfi, meiri stefnumótun í öngunum og með því að taka aftur upp þá stefnu að senda ýmsar konur á ráðstefnur, í fjölmiðla og annað þar sem beðið er um fulltrúa Kvennalistans sbr. stjórnarmyndunarviðræðurnar. Tvö atriði enn sem teljast til þess sem bæta þarf.

Hið fyrra eru fjármálin. Þau finnast mér vera annað dæmi um holrúm í Kvinnalistakornhlöðunni. Við rekum Kvinnalistann nú með lánum og förum þar að eins og ýmsir aðrir í þessu þjóðfélagi sem eyða um efni fram. Hvað ef kosningar hefðu orðið eins og Kvinnalistinn krafðist? Hvað ef þingstyrkur okkar minnkar og ríkisframlagið þar með? Ég vil benda á hve hættulegt það er hreyfingu eins og okkar að byggja nánast allt starf á ríkisframlagi. Ekki það að ég hafi lausnir og ekki stend ég mig í sölu happdrættismiða, en þetta er mál sem við verðum að taka á, ekki síst með tilliti til þess að kosningar kunni að vera framundan.

Hitt atriðið sem ég vil nefna og telst til kredithliðarinnar í heimilisbókhaldi Kvinnalistans er það sem ég vil kalla sjálfumgleði innan Kvinnalistans. Ég varð fyrst vör við þetta í útvarps- og sjónvarpsumræðum sl. vor í kjölfar vaxandi fylgis í skoðanakönnunum þar sem kvinnalistakonur fóru að hrósa sér með tóni sem ég kunni ekki við. Ég hef margoft heyrt þetta síðan hvað við séum andskoti góðar, á þann hátt sem ég kann ekki við. Ég veit að ég er ekki ein um þá skoðun. Við tókum þá stefnu í upphafi að vera ekki að skamma aðra blóðugum skömmum, heldur að gagnrýna málefnalega og segja hvað við viljum. Við getum alveg sagt það án þess að miklast yfir því að hafa slegið á strengi sem endurómar víða í samfélaginu. Dramb er falli næst og hógvæð hjartans jafnan best. Nóg um það.

Þegar Kvannaframboðin og síðan Kvinnalistinn voru að stíga sín fyrstu spor gat enginn séð fyrir hver árangurinn yrði. Frá þeim tíma höfum við stigið skrefin hvert á fætur

öðru og fetað okkur áfram þá leið sem við höfum talið réttasta. Það hefur gefist vel og við höfum vaxið frá því að vera hreyfing með um 5% fylgi upp í það að okkur er nú spáð um 20% fylgi. Þetta er gífurlegur árangur á stuttum tíma. En jafnframt hefur staða okkar breyst. Fólk hefur allt aðrar væntingar til annars eða þriðja stærsta sjórn málaafslsins í landinu en til smáhreyfingar þótt hátt heyrast í henni. Aukinn styrkur gefur líka tækifæri til að hafa áhrif. En áður en að því kemur þurfum við að svara mörgum spurningum. Hvar viljum við og getum gert málamiðlanir? Hver á okkar forgangsröð mála að vera? Gætum við t.d. sett okkur við endurmat á störfum kvenna, úrbætur í dagvista- og skólamálum og þar með upp talið eða eitthvað annað? Hvað mun fylgja því að taka þátt í ríkisstjórn? Hvaða breytingar eru nauðsynlegar á stjórnkerfinu? Verður okkur yfirhöfuð hleypt að valdastólunum?

Við ætluðum okkur í upphafi að verða nýtt afl í ísl. stjórn málum, nýskapandi, siðbætandi, gagnrýnandi og kvenlegt afl sem tæki mið af hagsmunum kvenna og barna. Við höfum hrist upp í konum og opnað leið til aukinna áhrifa. Við erum komnar áleiðis, en mér segir svo hugur um að enn einu sinni séum við komnar að krössgötum, næsta skrefinu. Við þurfum að taka afstöðu til samstarfs og málamiðlana, ef ef við ætlum okkur enn meiri áhrif. Það eru að fara af stað umræður um hugsanlegt sameiginlegt framboð minnihlutaflokkanna í borgarstjórn Reykjavíkur. Frá mínum bæjardyrum séð takast þar á tvö sjónarmið. Annars vegar hvort það samrýmist hugmyndafræði og framtíðarhagsmunum Kvennalistans að taka

þátt í slíku framboði og hins vegar hvort við verðum ekki að taka þátt í að reyna að steypa því ógnarafli sem drottnar yfir Reykjavík með hroka og valdníðslu. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess hér, en þetta mál þarfnast mikillar og djúprar umræðu.

Flest það sem ég hef hér nefnt tengist starfi Kvennalistans, sem auðvitað speglar ákv. hugmyndafærði. Af orðum mínum má draga þá ályktun að ýmislegt þurfi að bæta í okkar starfi. Að öðru leyti fæ ég ekki betur séð en að þær konur sem starfa fyrir Kvennalistann séu trúar hugmyndafræðinni sem við byggjum á. Ef segja má að hlutverk Kvennalistans í ísl. pólitík sé í grófum dráttum að bæta hag, hvenna og barna, verja mannréttindi og bæta, siðbæta þjóðfélagið og stuðla að hugarfarsbrytingu sem leiði til grundvallarþjóðfélagsbreytinga, má segja að frá upphafi hafi verið unnið að þessum markmiðum og þau hafa birst í þing- og bæjarmálastarfi.

Í augum almennings er Kvannalistinn heiðarlegur, fylginn sér, hann stendur fast við stefnuna og kemur fram sem samstæður hópur kvenna, laus við valdabrölt og væringar. Þessa ímynd er afar mikilvægt að verðveita og það gerum við fyrst og fremst með því að styrkja okkur inn á við, vökva grasrótina, sýna hver annarri skilning og vera góðar hver við aðra.

Eftir síðustu kosningar skrifaði ég grein í Veru sem mig langar að vitna í stöðu okkar:

"Konur sem fengist hafa við kvennasögu/kvennarannsóknir hafa mikið velt fyrir sér þeirri spurningu hvernig hægt sé að binda endi á kúgun kvenna og að breyta eða afnema kvarlveldið sem með ýmsum

aðferðum sýnilegum og ósýnilegum heldur konum "á sínum stað". Aðferðir karlveldisins hafa verið kortlagðar og eitt af því sem margar konur eru sammála um er að algengasta aðferð karlveldisins sé að gera konur ósýnilegar. Saga kvenna er ekki í sögubókunum, list kvenna ekki á söfnunum, þær eru utan valdastofnana, störf þeirra lítils metin o.s.frv. því hlýtur eitt af svörum kvenna að vera að gera konur sýnilegar. Draga fram í dagsljósið konur fortíðar og nútíðar og standa að baki þeim í kvennabaráttunni hvar sem hægt er. Það er einmitt þetta sem við höfum verið að gera, við höfum gert íslenska kvennabaráttu sýnilega svo um munar. Íslenskar konur þykja eitt veraldarundur, sem margir vilja sjá og heyra.

Allt þýðir þetta aukna ábyrgð, gagnvart okkur sjálfum og gagnvart þeim konum sem fylgjast með okkur út um allan heim. Vandinn er að stíga næstu skrefin og rata rétta leið. Að mínum dómi verður það meginhlutverk Kvennalistans á því kjörtímabili sem nú fer í hönd að halda áfram að útfæra þær hugmyndir sem við byggjum á. Við verðum áfram að standa vörð um hagsmuni kvenna og reyna að ná konum saman svo að takast megi að bæta launakjörin. Við verðum að fylgja eftir hugmyndum okkar um valddreifingu og áhrif fólksins í landinu á eigið líf, líkt og við gerðum í útvarpslagafurmvarpinu sallar minningar. Sýna hvernig við viljum skipuleggja stofnanir og samfélagið allt. Flestir þeir stjórnmalaflokkar sem hér starfa lifa fyrir líðandi stund og hafa algjörlega glatað framtíðarsýninni sem er þó svo nauðsynleg. Kvennalistinn á að standa vörð um hagsmuni kvenna, en hlutverk okkar er engu síður að horfa fram á veginn, að sýna frumkvæði og vera uppspretta nýrra róttækra hugmynda sem einn góðan veðurdag kynnu að breyta veröldinni.

Rithöfundurinn Marilyn French segir á einum stað að feminisminn (kvenfrelsisstefnan) sé eina raunhæfa andsvarið við karlveldinu. Karlveldið hefur dregið

heiminn fram á heljarþröm mengunar og vígbúnaðarkapphlaups. Það tryggir hagsmuni hinna fáu, en traðkar á hinum mörgu. Það byggir á samþjöppun valds í höndum karla en nærast á þeim fjölda kvenna sem með störfum sínum, umhyggju og endurnýjun lífsins gerir körlum kleift að stunda sín störf og halda sínu striki. Þeir fá sína þjónustu á hverju sem gengur og afleiðingarnar blasa alls staðar við. Óréttlætið ríkir og það setta konur sig ekki við. Þess vegna hefur kvennabaráttan staðið öldum saman og birst í ýmsum myndum. ...

Ábyrgð okkar er mikil, gagnvart íslenskum konum og konum heimsins. En hér gagnast best það sem við höfum gert hingað til, að hlusta á okkar innri rödd og hlýða eigin sannfæringu..."

Við þurfum að taka okkur tak, ekki síst grasrótin og fara að búa okkur undir að svara áleitnum og nauðsynlegum spurningum. Við megum ekki setjast niður þegar heim kemur og bíða. Næst eigum við að taka frumkvæðið. Því betri forði sem við söfnum til vetrarins því betri vist í köldum söllum karlveldisins sem vonandi hlýna smám saman með tilkomu okkar.

Og lokaorðin eru úr Biblíunni.

"Og Jósef hrúgaði saman korni sem sandi á sjávarströndu, ákaflega miklu, þar til hann hætti að telja, því að tölu varð eigi á komið. ... Og sjö nægtaárin, sem voru í Egiptalandi, liðu á enda; og sjö hallærisárin gegnu í garð, eins og Jósef hafði sagt; var þá hallæri í öllum löndum, en í öllu Egiptalandi var brauð."